

Stjórnarfundur 24.04.2012

Mættar eru: Erna Björnsdóttir, Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, Friðrika Baldvinsdóttir og Berglind Dagný Steinadóttir.

1. Ákveðið er að hafa aðalfund foreldrafélagsins fimmtudaginn 10.maí 2012 kl:20.00
2. Katrín þarf að gera yfirlit reiknings foreldrafélags fyrir síðasta ár og rætt var að fá Ágúst Óskarsson og Sigrúnu Þórólfsdóttir til að vera endurskoðendur aftur.
3. Ritari mun gera samantekt fyrir aðalfund af starfi stjórnar í vetur.
4. Fá Þórgunni skólastjóra til að mæta á aðalfundinn og kynna skóladagatal, ræða mötuneytismál, og fara yfir niðurstöður foreldrakönnunar. Einnig að fá Sigurð Aðalgeirsson frá Norðurþing til að koma og fara yfir stöðu mötuneytismála við Borgarhólsskóla.
5. Erna mun ræða við skólann og fá húsnaðið fyrir fundin og hreinsunardag, einnig tekur Erna að sér að ræða við Ágúst og Sigrúnu til að taka að sér endurskoðun reiknings.
6. Auglýsa þarf á Menntor og í Skránni aðalfund foreldrafélags og hreinsunardaginn. Guðrún Björg tekur að sér að setja auglýsingu í Skránni og hafa samband við ritara Borgarhólsskóla til að koma auglýsingu inn á Menntor.
7. Stjórnin ákvað að boðað yrði til aðalfundar með hringingum. Við teljum að með því munum við ná frekar til foreldra og forráðamanna til að mæta á fundi en að boða eingöngu rafrænt, einnig fannst stjórninni það vera persónulegra og minna á gamla tímann.
8. Stjórnin fór yfir þau atriði sem þarf er að taka fyrir og ræða á aðalfundi foreldrafélagsins. 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Kynning á stöðu mötuneytismála. 3. Innrimál skólans kynnt af Þórgunni skólastjóra, einnig að kynna skóladagatal fyrir árið 2012-2013 og niðurstöðu foreldrakönnunar.
9. Stjórnin skiptir með sér verkum v/ undirbúning á hreinsunardegi.
10. Stjórnin ákvað að hafa flóamarkað á hreinsunardegi og bjóða einstaklingum / klúbbum að leigja af okkur borð á 2.000.-kr og selja ýmislegan varning og fer ágóði af leigu borðana til foreldrafélagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið, ritari Berglind D. Steinadóttir.